

# Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) kt. 460269-2299 og Mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

## 1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

## 2. Hlutverk og megináherslur

ML er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi ML þjóna því.

### Grundvallarviðmið, sýn og einkunnarorð.

I. Einkunnarorð skólans eru: Manngildi, þekking, atorka. Það er eitt meginmarkmiða með starfi skólans, að þau séu ávallt þau grundvallarviðmið sem allt starf skólans byggir á með einhverjum hætti. Einkunnarorðin eru þýðing Baldvins Einarssonar á orðinu HUMANISMUS.

Nánar um einkunnarorðin:

Manngildi: *mannkostir, innra gildi mannsins, skapgerð, lyndiseinkunn.* (orðabók MM, 1993)

Það er erfitt að mæla með hlutlægum mælikvörðum. Segja má þó að þar sem námsmat skuli þróast í m.a. mat á færni og hæfni muni það um leið meta að einhverju leyti manngildi.

Þekking: *kunnátta, það að vita, kunna skil á, greind, skilningur.*

Þekking er metin í námsmati.

Atorka: *dugnaður, táp, framtak* (og atorkusamur sem *eljusamur, ötull, fylginn sér, duglegur*).

Atorka er m.a. metin í námsmati s.s. í huglægu miðannarmati en einnig má meta hana með könnunum.

II. Aðalmarkmið skólans eru:

- Að búa nemendur undir framhaldsnám með því að:

Ástunda fjölbreytt og skapandi skólastarf, leggja áherslu á krefjandi nám á öllum sviðum, leggja áherslu á vönduð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og notkun upplýsingatækni, leggja áherslu á að nemendur æfist í lestri fræðilegs texta, vinna að því að efla sjálfsaga nemenda, leggja áherslu á að einstaklingar vinni fjölþætt verkefni í einstaklings- og hópavinnu og þjálfist í að kynna þau og að efla eftir megni færni nemenda í notkun íslensks máls.

- Að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi með því að:

Skapa þroskandi og uppbyggilegan ramma um skólastarf og félagslíf, leggja áherslu á eflingu sjálfstrausts, siðferðisvitundar og umburðarlyndis, ýta undir heilbrigðan lífsstíl og vinna að markvissum forvörnum á öllum sviðum, ýta undir áhuga nemenda á umhverfinu og verðmætum þess, efla og viðhalda þekkingu á og virðingu fyrir menningarverðmætum og vinna að því að auka ábyrgð nemenda í samfélaginu, á sjálfum sér og í samskiptum við aðra.

### 3. Viðfangsefni

ML stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

#### a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá er birt á vef skólans undir þessari slóð:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=265&Itemid=249](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=265&Itemid=249)

Í skólanámskrá er fjallað um stefnur og áætlanir, markmið, sjálfsmat, umgjörð og skipulag, þjónustuþætti, skólabrag og félagsstarf, starfsáætlun og námsbrautir.

Við skólann eru starfræktar tvær námsbrautir: félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, en skólinn starfar samkvæmt bekkjakerfi. Nemendur ljúka stúdentsprófi eftir fjögurra ára bóklegt nám.

#### b. Skólabragur

Skólinn er nánast hreinn heimavistarskóli og skólabragur ber keim af því. Að skóladegi loknum flyst umsýsla með nemendum að stórum hluta til vistagæslufólks, sem fylgir þeim eftir inn í kvöldið og nóttina, ef því er að skipta. Nemendur eru að jafnaði í fullu fæði, þvottur þeirra er þveginn og brotinn saman, þeir undirgangast umgengnisreglur sem setja félagslegu umhverfi þeirra skorður.

Til að lífið á heimavistarskóla gangi sem snurðulausast er mikilvægt að ramminn um líf og starf þeirra sem þar er um að ræða sé er skýr og reynt sé að tryggja að allir þekki inn á heimilisbraginn og hafi ávallt á hreinu hverjar eru skyldurnar og hver eru réttindin. Hér er slóð að þeim reglum sem nemendum ber að fylgja og sem mynda rammann utan um daglegt starf:

Reglur heimavistar og skóla:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=146&Itemid=123](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=146&Itemid=123)

Skólasóknarreglur:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=170&Itemid=195](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=170&Itemid=195)

Reglur um notkun tölvukerfis:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=169&Itemid=188](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=169&Itemid=188)

Þvottahúsreglur:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=154&Itemid=155](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=154&Itemid=155)

Skólinn tekur þátt í Grænfanaverkefningu:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=333:graenfaninn&catid=65](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=333:graenfaninn&catid=65) og verkefningu Heilsueflandi framhaldsskóli:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=281&Itemid=250](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=281&Itemid=250)

Þá starfar skólinn eftir ýmsum áætlunum sem gerð er grein fyrir í skólanámskrá:

## 1.2 Stefnur og áætlanir

- 1.2.1 [Starfsmannastefna](#)
- 1.2.2 [Umhverfisstefna](#)
- 1.2.3 [Forvarnarstefna](#)
- 1.2.4 [Jafnréttisáætlun](#)
- 1.2.5 [Heilsueflandi framhaldsskóli](#)
- 1.2.6 [Eineltisáætlun](#)
- 1.2.7 [Áfallaáætlun](#)
- 1.2.8 [Viðbrögð við vá](#)
- 1.2.9 [Aðbúnaður og öryggi](#)

Um nokkurra ára skeið hafa stjórnendur og húsbóndi á heimavist fundað reglulega með stjórn nemendafélagsins Mímis, beinlínis til að stuðla að þátttöku stjórnarinnar í umfjöllun um og ákvörðunum um málefni sem lúta að félagslífi nemenda. Nokkuð er fjallað um skólabrag hér: [http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=280%3Askolabragur-og-felagsstarf&catid=83&Itemid=249](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=280%3Askolabragur-og-felagsstarf&catid=83&Itemid=249)

Foreldraráð starfar við skólann og hér má finna gögn sem tengjast stofnun og starfsemi foreldrafélagsins:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=280%3Askolabragur-og-felagsstarf&catid=83&Itemid=249](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=280%3Askolabragur-og-felagsstarf&catid=83&Itemid=249)

Það er yfirlýst markmið stjórnar skólans og foreldraráðs að samskiptin þeirra í milli beinist fyrst og fremst að þeim þáttum sem geta stuðlað að jákvæðu og uppbyggilegu skólastarfi og félagslífi.

Skólanefnd kemur saman þrisvar til fjórum sinnum á ári og er hún mikilvægur umræðuvettvangur um flest mál sem snúa að stofnuninni. Fundargerðir nefndarinnar má finna hér: [http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=295&Itemid=253](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=295&Itemid=253)

### c. Innritun og brotthvarf

Nemendur eru innritaðir í skólann í kjölfar þess frests sem gefinn er að vori og á grundvelli lágmarkskrafna, sem eru:

#### Félagsfræðibraut

Íslenska	6
Enska	5
Samfélagsgreinar	6
Stærðfræði	5

#### Náttúrufræðibraut

Íslenska	6
Enska	5
Stærðfræði	6
Náttúrufræði	6

Ítarlegar upplýsingar um innritunarreglur er að finna í skólanámskrá, á vef skólans, en þar er greint frá því, hvernig nemendur eru innritaðir.

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=80&Itemid=221](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=80&Itemid=221)

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=83&Itemid=218](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=83&Itemid=218)

Á milli skólaáranna 2011-12 og 2012-13 varð brottfall afar lítið, en einungis 5 nemendur hættu í skólanum milli vors og hausts. Tveir þeirra reyndust ekki ráða við námið, en þrír fóru í skóla með námsframboð sem hentaði þeim betur. Tveir nemendur settust aftur í 1. bekk.

2011-12			2012-2013		
	haust	vor		haust	breyting milli skólaára
			1F	26	26
			1N	27	27
1F	27	27	2F	27	0
1N	26	26	2N	25	-1
2F	23	24	3F	21	-3
2N	20	19	3N	18	-1
3F	14	14	4F	14	0
3N	22	22	4N	22	0
4MF	19	17		180	
4N	16	15			
	167	164			

#### d. Kennslufyrirkomulag

Skólinn starfar eftir bekkjakerfi. Eftir 4 ára bóklegt nám ljúka nemendur stúdentsprófi af náttúrufræðibraut eða félagsfræðibraut.

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn og hvorri um sig lýkur með annarprófum, en hver bekkur tekur því sem næst lokapróf í 5-6 áföngum á hvorri önn.

Kennsluvikan er 5 dagar, mánudagur til föstudags. Skóladagurinn hefst kl. 08:15 að morgni, eftir morgunverð, sem stendur frá 7:30. Hver kennslustund er 40 mínútur og milli allra kennslustunda nema verklegum valgreinum síðdegis, eru 10 mínútna frímínútur. Hádegishlé er frá 12:15 – 13:00 nema á föstudögum, en þá er það frá 11:25 – 12:10. Fyrir þeirri ráðstöfun eru skipulagslegar ástæður. Að jafnaði er hver áfangi skipulagður sem 3\*2 kennslustundir á viku.

Nám og kennsla einkennist í auknum mæli af notkun tölvutækni og á símati við námsmat. Tölvugerða náms- og kennsluumhverfið Moodle er notað í skólanum og hefur verið um hríð en það tók við af Námskjá sem áður var notaður.

#### e. Nemendur með sérþarfir

Hér er fjallað um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=314%3Aottoekuaaetlun-fyrir-nemendur-mee-annae-moeurmál-en-islensku&catid=78&Itemid=249](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=314%3Aottoekuaaetlun-fyrir-nemendur-mee-annae-moeurmál-en-islensku&catid=78&Itemid=249)

Í öðrum tilvikum þar sem um er að ræða að nemendur hafi sérþarfir af einhverju tagi (lestrarerfiðleikar, erfiðleikar með tiltekna námsgreinar, heyrnar- eða sjónskerðing, hreyfihömlun af einhverju tagi, langvarandi sjúkdómar) er brugðist við í samræmi við þau réttindi sem nemendum eru tryggð með lögum og reglugerðum.

#### f. Mat og eftirlit með gæðum

Við skólann sinnir sjálfsmatsnefnd innra mati, en hana skipa auk formanns, fulltrúi kennara, fulltrúi annars starfsfólks, fulltrúi foreldra, tveir fulltrúar nemenda og síðan verkefnastjóri sem jafnframt tekur þátt í undirbúningi og úrvinnslu kannana og úttekta.

Sjálfsmatsáætlun ásamt upplýsingum um skipan nefndarinnar og skýrslur sem unnar hafa verið á undanförunum árum, er að finna hér:

[http://ml.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=63&Itemid=90](http://ml.is/index.php?option=com_content&view=article&id=63&Itemid=90)

Vorið 2002 var skólinn einn þeirra skóla sem tekinn var út m.t.t. sjálfsmatsaðferða. Skýrslan um þessa úttekt er hér:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=2D5693F27DD23F17002576F00058D811&action=openDocument>

og hér:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=C1FBD89EF2B320EC002576F00058D985&action=openDocument>

#### **4. Sérstök rekstrarverkefni**

Menntaskólinn að Laugarvatni rekur heimavist fyrir nemendur sína. Einnig er rekið mötuneyti sem sjálfseignarstofnun en undir ábyrgð og yfirstjórnunar skólameistara í umboði skólanefndar.

#### **5. Markmið og tímabundin verkefni**

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla) ár eru sett fram. Þar er einnig gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða. Viðaukann er endurskoðaður og uppfærður árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

##### **a. Markmið**

Markmið ML eru leidd af áherslum í starfsemi skólans þegar hann rækir hlutverk sitt.

##### **b. Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni ML styðja við hlutverk skólans og markmið hans.

#### **6. Samskipti**

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur ML. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

##### **a. Menntaskólinn að Laugarvatni**

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um

framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.

- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

#### **b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## **7. Gildistími og endurskoðun**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

---

Staður og dagsetning

---

Mennta- og menningarmálaráðherra

---

Skólameistari

# Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans að Laugarvatni

## A. Markmið

### Nemendur

#### 1. Meginmarkmið:

Að nemendum líði vel í skólanum

Deilimarkmið:

Efla félagslífið í samstarfi við Mími með því stefna að því að taka inn tvo nýja þætti á skólaárinu 2013-2014.

Minnka kynjamun í skólasókn og mætingu úr 2,8% (haust 2012) í 1,8% á skólaárunum 2013-2015.

Halda brotthvarfi á sömu slóðum og milli skólaáranna 2011-12 og 2012-13.

Skrá ástæður brottfalls með markvissum hætti og byrja skráningu á vorönn 2013.

Endurskoða reglur um skólasókn á vorönn 2013 með það að markmiði að þær skapi skýrari ramma um ástundun nemenda.

### Nám og kennsla

#### 2. Meginmarkmið:

Auka hlutfall nemenda sem standast alla þá áfanga sem þeir stunda nám í úr 78,7% á haustönn 2012 í 90% á haustönn 2015.

Deilimarkmið:

Gera úttekt á samningstímanum á breytingum á námsmatsaðferðum undanfarin ár með það að markmiði að meta áhrifin á námsárangur nemenda.

Að hlutfall nemenda sem eru mjög ánægðir eða ánægðir með kennsluna fari úr 86% í 90% á á næstu þremur árum.

Að styðja við nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku í samræmi við móttökuáætlun í grein [1.5.2 Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku](#) í skólanámskrá, á samningstímanum.

Að styðja áfram, svo sem kostur er, við nemendur sem eiga í vanda með einstakar námsgreinar á samningstímanum.

#### 3. Meginmarkmið:

Að nemendur verði teknir inn á námsbrautir í samræmi við aðalnámskrá 2011 frá hausti 2015.

Deilimarkmið:

Endurskoða brautaframboð og brautalýsingar á vorönn 2013.

Setja 50% allra nýrra áfangalýsinga í námskrárgrunn á haustönn 2013.

Setja 50% allra nýrra áfangalýsinga í námskrárgrunn á vorönn 2014.

Setja allar brautalýsingar í námskrárgrunn á skólaárinu 2014-2015.

### Stjórnun

#### 4. Meginmarkmið:

Að stjórnun sé lýðræðisleg.

Deilimarkmið:

Virkja kennara á samningstímanum til stefnumótunar um brauta- og áfangaframboð í samræmi við aðalnámskrá 2011.

Fá umræðu og tillögur frá kennurum, starfsfólki og forráðamönnum um reglur um skólasókn í tengslum við endurskoðun reglanna á vorönn 2013.

#### 5. Meginmarkmið:

Að líðan starfsmanna og ánægja í starfi sé góð.

Deilimarkmið:

Gera starfsmannaviðtöl að föstum lið í starfi stjórnenda frá og með haustönn 2013.

Gera starfendarannsóknir að reglubundum þætti í starfi kennara og að 50% kennara stundi starfendarannsóknir við upphaf skólaárs 2014-2015.

Fá sérfræðing til að gera úttekt á vinnuáðstæðum á haustönn 2014 með það að markmiði að bæta aðstæðurnar.

Að 50% starfsmanna sækji sér endur- og/eða símenntun sem nýtist í starfi á hverri önn, frá og með haustönn 2013.

#### 6. Meginmarkmið:

Innleiða Office365, í samstarfi við TRS, í flesta þætti skólastarfs á samningstímanum.

### **Rekstur**

Meginmarkmið:

Að rekstur sé innan fjárlaga á árunum 2013-2015.

### **Samstarf og tengsl**

#### 7. Meginmarkmið:

Viðhalda og koma á reglubundnu samstarfi við ákveðna aðila

Deilimarkmið:

Semja um ML tíma í íþróttahúsinu á Laugarvatni frá Háskóla Íslands svo sem verið hefur.

Halda áfram á sömu braut með upplýsinga- og fræðslufundi fyrir foreldra, á hverju skólaári, í samstarfi við foreldraráð.

Halda áfram árlegum kynningum á skólanum í grunnskólum á Suðurlandi og bjóða þeim á árlegan kynningardag.

Senda á hverju vori, svo sem verið hefur, könnun til 5 ára stúdenta frá skólanum.